

## GJALDSKRÁ

### mælingadeildar framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

#### 1. gr.

##### *Staðsetning bygginga.*

Mælingadeild mælir fyrir staðsetningu nýbygginga á lóðum samkvæmt umsóknum lóðarhafa eða umboðsmanns hans. Umsækjandi skal greiða fyrir mælinguna eins og hér segir:

- a) Fyrir tvær línur hornréttar hvora á aðra og hæðarmælingu á einum punkti skal greiða 29.500 krónur.
- b) Ef um er að ræða fleiri línur en tvær í sömu mælingu, skal greiða 4.000 krónur fyrir hverja viðbótarlínu.
- c) Ef um fleiri en eitt hús er að ræða á sömu lóð og mælt er samtímis, er gjaldið 50% af fullu gjaldi fyrir hverja byggingu umfram eina.
- d) Fyrir hæðarmælingu, sem ekki er framkvæmd um leið og mælingar samkv. a-c liðum þessarar greinar, skal greiða 6.500 krónur fyrir einn punkt og 650 krónur fyrir hvern punkt umfram einn.

#### 2. gr.

##### *Staðsetning lóðamarka samkvæmt málsettum uppdrætti.*

Mælingadeild mælir og staðsetur lóðamörk eftir málsettum uppdráttum samkvæmt umsókn lóðarhafa eða umboðsmanns hans. Gjald vegna staðsetningar lóðamarka er eins og hér segir:

- a) Fyrir fyrstu fjóra lóðamarkapunkta greiðast 29.500 krónur. Fyrir hvern viðbótarpunkt umfram fjóra, sem samtímis eru mældir, greiðast 2.000 krónur.
- b) Ef jafnframt og samtímis er óskað hæðarmælingar á lóðamarkapunktum skal greiða 1.500 krónur fyrir hana og 650 krónur fyrir hvern punkt umfram einn.
- c) Ef óskað er eftir að bygging verði staðsett um leið og lóðamörk, greiðist 50% af gjaldi samkvæmt 1. gr. fyrir staðsetningu byggingarinnar.
- d) Ef óskað er eftir staðsetningu á fleiri en einni samliggjandi lóðum og mælt er samtímis, skal greiða 50% af fullu gjaldi fyrir hverja lóð umfram eina.

#### 3. gr.

##### *Könnun lóðamarka og gerð uppdráttar.*

- a) Fyrir tillöguuppdrætti, sem mælingadeild gerir að ósk lóðarhafa vegna lóðarskiptingar eða annarra markabreytinga, sem samþykki skipulags- og bygginganefndar þarf til, skal greiða 16.500 krónur.
- b) Fyrir könnun mælingadeildar á lóðamörkum eignarlóða og gerð málsettra uppdráttar af þeim, þegar ekki er til útgefið, málsett lóðarblað (mæliblað), skal greiða 60.000 krónur.

#### 4. gr.

##### *Staðfesting mælinga.*

Fyrir staðfestingu mælingadeildar á staðsetningu bygginga og lóða samkvæmt mælingum, sem aðrir en starfsmenn mælingadeildarinnar hafa framkvæmt, skal greiða 56% af venjulegu gjaldi samkvæmt 1. og 2. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

*Almenn ákvæði.*

Niðurstaða staðsetningarmælinga á lóðum og húsum er gefin upp í hnitum og á uppdráttum þegar við á.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, að viðbættum virðisaukaskatti, skulu greidd um leið og þjónustunnar er óskað.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík nr. 256/2001.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 5. janúar 2006.*

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2006